

Gleði- og forvarnardagurinn í Verzló

Miðvikudaginn 21. febrúar 2024



Kæru Verzlingar!

Þá er komið að hinum árlega Gleði- og forvarnardegi sem er pakkaður af gleði, fræðslu og forvörnum. Í boði er spennandi dagskrá með fullt af viðburðum en almennt fer hver viðburður fram þrisvar, klukkan 9, 10 og 11 nema annað sé tekið sérstaklega fram. Það eina sem þið þurfið að gera er að velja ykkur eitthvað þrennt sem ykkur finnst spennandi og mæta á staðinn.

Njótið dagsins og Nemó og munið að hafa gleðina í fyrirrúmi

Kær kveðja til ykkar frá starfsfólkinu í Verzló



KONUNGLEGUR FYRIRLESTUR

HVAR: STOFUR 205 OG 206

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: GUÐNÝ ÓSK KENNARI

Fyrirlestur um það helsta sem er að fréttu í konunglega heiminum. Förum yfir hvað er nýjasta nýtt í dramanu hjá bresku konungsfjölskyldunni, t.d. veikindin hjá Karli og Katrínu. Ræðum hvað Harry og Meghan eru að gera núna og rifjum upp hvað hefur gerst undanfarin ár. Veltum svo fyrir okkur hvað það er sem konungsfjölskyldan gerir í nútímasamfélagi og kíkjum kannski á aðrar konungsfjölskyldur í Evrópu.



LISTASMIÐJA

HVAR: STOFA 3

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: KRISTÍN DÓRA KENNARI

Leyfðu listamanninum í þér að fá útrás, teiknum og málum klassíska uppstillingu með ólíkum aðferðum. Hámarksfjöldi á þennan viðburð er 12 í hvern hóp. Fyrstur kemur fyrstur



KILROY

HVAR: GRÆNI SALUR

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: BERGRÚN SÓLA

Kilroy er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í spennandi ævintýraferðum fyrir ungt fólk og alla sem vilja ferðast meira út fyrir kassann - ekki þetta týpíska.

Viltu fara í reisu, læra að kafa eða surfa, sjálfboðastarf, safari, roadtrip eða málaskóla? Kíktu við og sjáðu hvað heimurinn hefur upp á að bjóða 🌍



VINNUHJÁLP

HVAR: STOFA 403

HVENÆR: KL. 10 OG 11

HVER: SUNNA ARNARDÓTTIR

Í fyrirlestrinum verður farið stuttlega yfir þau kjör og réttindi sem búast má við þegar einstaklingur byrjar að starfa á launamarkaði. Stiklað verður á beinum fjárhagslegum ávinningi, sem og óbeinum í formi fjarveru og nytjahluta.



JAFNINGJAFRÆÐSLAN

HVAR: STOFA 102

HVENÆR: KL. 9, 11 OG 11

HVER: KRISTÍN INGUNN
OG ANNA KLARA

Jafningjafraeðsla Hins Hússins er fræðslu- og forvarnarstarf skipað ungu fólki á aldrinum 16 - 19 ára. Lögð verður áhersla á að skapa líflegar samræður og farið verður í skemmtilega hópeflisleiki til þess að þjappa hópnum saman og kynnast betur. Lofum skemmtun og gleði, hlökkum til að sjá þig!



SKEMMTILEG SMÁSPIL

HVAR: STOFA 101 OG 103

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: ÁRMANN KENNARI

Ármann Halldórsson, alþjóðafulltrúi með meiru, mun stjórna spilastund þar sem þið lærið nokkur einföld og skemmtileg spil sem henta til að spila hvenær sem er og með hverjum sem er! Þetta eru auðlærð og skemmtileg spil sem byggja að mestu leyti á samskiptum og samvinnu. Þau eru auðlærð og þola öll mikla endurspilun. Valdir nemendur verða til aðstoðar svo að á hverju spilaborði verður alltaf einhver sem kann viðkomandi spil!



SAMFÉLAGSLÖGGUR

HVAR: STOFUR 405 OG 406

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: LÖGREGLAN

Samfélagslöggur verða með kynningu þar sem verður farið yfir dag í lífi lögreglumanns, tjónaform, vettvangsskýrslur og sektareyðublöð, fjölbreytni lögreglustarfsins Einnig verður búnaður lögreglunnar kynntur og ef tími gefst þá verður haldin armbeygjukeppni í lögregluvesti fyrir þau sem þora!



BJARGRÁÐUR

HVAR: STOFA 305

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: LÆKNANEMAR

Bjargráður er félag læknanema sem beitir sér fyrir kennslu í skyndihjálpi með sérstaka áherslu á endurlífingun. Markmið félagsins er að heimsækja sem flesta framhaldsskóla á landinu og fræða nemendur um grunnatriði í endurlífingun á einfaldan og skemmtilegan máta. Þetta er málefni sem kemur öllum við og allir ættu að rifja upp með reglulegu millibili.



UNGIR FJÁRFESTAR

HVAR: STOFA 404

HVENÆR: KL. 10 OG 11

HVER: SÆÞÓR ATLI

Langar þig að byrja að fjárfesta en veist ekki hvar á að byrja eða langar bara að fræðast meira?

Sæþór Atli kemur fyrir hönd Ungra fjárfesta og fjallar um hvernig á að taka fyrstu skrefin í fjárfestingum. Meðal spurninga sem leitast verður svara við er hvað beri að hafa í huga þegar maður er að fjárfesta. Gefin verður góður tími fyrir spurningar og svör þar sem hægt er að kafa enn dýpra.

Ekki missa af þessu!



Allt sem þú þarft að vita um stafræn réttindi

HVAR: RAUÐI SALUR

HVENÆR: KL. 10 OG 11

HVER: ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR

Þórdís Elva fræðir okkur um starfænt ofbeldi og hatrið sem þar þrífst. Meðal þess sem hún kemur inn á eru: Nudes, deep-fakes, Andrew Tate.



PRJÓN

HVAR: STOFA 205

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: REBEKKA, ÞORGERÐUR, RAGNHILDUR OG HJÖRDÍS
KENNARAR

Viltu læra að prjóna eða ertu að prjóna eitthvað fallett? Vantar þig hjálp? Komdu í prjón og lærðu að fitja upp og prjóna einfalt prjón eða nýttu tækifærið til þess að halda áfram með ókláruð verkefni.



„LÍFIÐ ER NÚNA“ - PERLA

HVAR: BÓKASAFNIÐ 4.HÆÐ

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: ÞÓRUNN

KRAFTUR stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur, í samvinnu við Góðgerðarráð VÍ, stendur fyrir viðburðinum VERTU PERLA á bókasafninu. Láttu gott af þér leiða og perlaðu „Lífið er núna“ armbönd til að styðja við KRAFT.



UN WOMEN

HVAR: STOFA 202

HVENÆR: KL. 9 OG 10

HVER: VÉDÍS DRÓTT OG VIGDÍS KRISTÍN

Védís Drótt Cortez forseti og Vigdís Kristín Rohleder varaforseti ungmennaráðs UN Women á Íslandi kynna starfsemi sína sem og starfsemi UN Women, bæði hérlendis og út um allan heim.



“ER EKKI Í LAGI AÐ PRÓFA?”

HVAR: RAUÐI SALUR

HVENÆR: KL. 9

HVER: GUÐRÚN BJARNADÓTTIR GEÐLÆKNIR

Guðrún Dóra Bjarnadóttir geðlæknir ræðir við okkur um geðheilbrigði, um kannabis og orsakasamband þess við geðrofssjúkdóma.



SKÁK 1

HVAR: MARMARI

HVENÆR: FRÁ 9 TIL 11

HVER: EIRÍKUR OG HALLDÓR KENNARAR

Skákrefirnir Eiríkur og Halldór úr kennaraliðinu tefla fjöltefli við 15 – 20 nemendur í einu á Marmaranum. Þorir þú?



SKÁK 2

HVAR: TÖLVUSTOFAN VERZLUNARBANKINN Á MARMARANUM

HVENÆR: KL. 10 OG 11

Arenamót á Netinu. Tefldar hraðskákir í tæpan klukkutíma og sigurvegarar verða Gleðidagsmeistarar VÍ 2024! Hámarksfjöldi 24 á hvoru móti.



ERGIÐ HEADSPACE

HVAR: STOFA 302

HVENÆR: KL. 10

HVER: KATRÍN

Bergið er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágþröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks og notenda með fjölbreytta reynslu.



Komdu á trúno

Á TRÚNÓ UM KVENLÍKAMANN

HVAR: LITLI ÍPRÓTTASALUR

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

HVER: KATA KENNARI

Margt í þessum heimi er hannað fyrir karllíkamann, margir sjúkdómar sem bara konur fá eru lítt rannsakaðir og ef þeir eru það, hvað er þá vitað um þá? Skiptir máli hvernig á að æfa miðað við tíðahringinn? Hvað er Vulvodynia? Hvað er endrómediósa? Hvað er PCOS?

Enginn fyrirlestur heldur bara kósý spjall um allt sem viðkemur kvenlíkamanum. Öll velkomin en hámark 15 nemendur í hóp. Fyrstir koma fyrstir fá.

Hlakka til að sjá ykkur,

Kata.




FÉLAGIÐ ÍSLAND - PALESTÍNA

HVAR: STOFA 201

HVENÆR: KL. 10 OG 11

HVER: MAGNÚS MAGNÚSSON OG SALVÖR GULLBRÁ ÞÓRARINSDÓTTIR

Fyrirlestur á vegum Félagsins Ísland - Palestína. Stiklað verður á stóru um sögu hernámsins í Palestínu síðan 1948 og fjallað ástandið á Gaza núna. Hjálmtýr Heiðdal formaður Félagsins Ísland-Palestína, Magnús Magnússon, sem fór sem sjálfboðaliði til Palestínu um tvítugt, og Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir.



HROLLVEKJUR: ÖRGRUN OG ÖÐRUN

HVAR: STOFA 301

HVENÆR: KL. 10

HVER: RUT KENNARI

Hrollvekjur vekja áhuga og ótta meðal manna en hvers vegna? Af hverju njótum við þess að láta hræða okkur og hvað hafa skrímsli söguheimsins að segja um samfélagið sem við hrærumst í? Í þessum fyrirlestri verða forsendur hrollvekja skoðaðar og vöngum velt yfir boðskap þeirra, gildi og gagni.



NORRÆN GOÐAFRÆÐI: HROKI, HRÆSNI OG HINSEGINLEIKINN

HVAR: STOFA 301

HVENÆR: KL. 11

HVER: RUT KENNARI

Norræn goðafræði er ef til vill okkar merkasti menningararfur, ekki bara vegna mikilvægra upplýsinga um þróun tungumálsins og kveðskaparhefðarinnar, heldur einnig vegna innihalds og boðskapar hennar - oft er meira spunnið í sögurnar en stendur ritað berum orðum. Í þessum fyrirlestri verður hinseginleikinn og birtingarmynd hans í Ásgarði og víðar krufin til mergjar og leikur Loki Laufeyjarson þar lykilhlutverki.



FARABARA

HVAR: STOFA 401

HVENÆR: KL. 9 OG 10

HVER: MIRIAM PETRA ÓMARSÓTTIR

Langar þig í nám erlendis, skiptinámi eða jafnvel taka sumar í Evrópu og vinna sem sjálfboðaliði? Fyrirlestur þar sem farið er yfir ólíkar leiðir til að fara til útlanda með Erasmus+ áætlununum, m.a. í ungmennaskipti, sjálfboðaliðastörf, skiptinám og starfsnám. Einnig talað um nám erlendis á eigin vegum, vefsíðuna fara.bara.is og styrki fyrir innlendum verkefnum hjá Erasmus+.



ÁSTRÁÐUR

HVAR: STOFA 306

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

Ástráður er kynfræðslufélag læknanema og fer í alla framhaldsskóla á landinu með kynningar fyrir nýnema. Fræðararnir koma af 2. ári og er fræðslan á jafningjagrundvelli, ætluð öllum óháð kyni, kynvitund og kynhneigð. Spurningar og pælingar eru meira en velkomnar í fræðslunni! Ástráð má finna á instagram (@kynfraedsla) og fleiri samfélagsmiðlum en er einnig með vefsíðu (astradur.is), þar sem má finna alls kyns fróðleik. Ef vakna upp einhverjar spurningar má alltaf hafa samband í DM eða í tölvupósti á leyndo@astradur.is, þar sem reynsluboltar í kynfræðslunni svara öllu í algjörum trúnaði!



EducationUSA - KYNNING Á HÁSKÓLANÁMI Í
BANDARÍKJUNUM

HVAR: STOFA 402

HVENÆR: KL. 10 OG 11

HVER: VERONIKA GUÐMUNDSDÓTTIR JÓNSSON

Dreymir þig um að stunda nám í Bandaríkjunum en veist ekkert hvar þú átt að byrja? EducationUSA ráðgjafarmiðstöðin kynnir það helsta sem þú þarft að hafa í huga þegar þú ert að sækja um nám í Bandaríkjunum.



PÚSL

HVAR: STOFA 303

HVENÆR: KL. 9, 10 OG 11

Finnt þér gaman að púsla? Þá er tækifæri hér!